664. Frumvarp

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá launamálanefnd.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

Greinargerð.

Það virðist ekki þurfa að færa rök fyrir því, að hækka þurfi þingfararkaupið, nje fyrir því, að kaup það, sem sett er í frumvarpið, sje ekki of hátt, enda er það í samræmi við hækkun og stefnu þingsins í launamálinu. Vill því nefndin flytja frv. þetta eftir tilmælum stjórnarinnar, en þó ekki með sömu þóknun eins og hún vildi.

Ekkert annað virðist rjett og sanngjarnt en að alþingismenn fái endurgoldinn þann ferðakostnað, sem þeir verða að greiða, og eina ráðið til þess er að greiða hann eftir reikningi, sanngjarnlega úrskurðuðum.